



Greinargerð um Grænfána vor 2016



Árskógarskóli



Árskógarskóli, mars 2016

Greinargerð um Grænfána vegna umsóknar um flöggun í þriðja sinn vorið 2016

Árskógarskóli tók formlega til starfa 1. ágúst 2012 eftir að leikskólinn Leikbær og Árskógarskóli (Grunnskólar Dalvíkurbyggðar) voru lagðir niður og stofnaður nýr skóli tveggja skólastiga.

Leikskólinn Leikbær flaggaði Grænfána vorið 2012 og þegar nýr skóli tók til starfa var ákveðið að þar sem nemendur Leikbæjar unnu hörðum höndum að flöggun þá væri eðlilegt að þeir flyttu fánann með sér í nýja skólann og gerðu öllum hinum grein fyrir mikilvægi þess að vinna áfram að umhverfismálum og sækjast eftir því að flagga Grænfána um ókomna tíð.

Skólaárið 2012-2013 fór ekki mikið fyrir Grænfánum sem slíkum enda var ekki til fánastöng og mikið um að vera við að standsetja húsnæði, lóð og almennt að ýta nýjum skóla úr vör. Þó var ákveðið frá nánast fyrsta degi að innleiða flokkunarkerfi sem var á Leikbæ og var það eitt það fyrsta sem keypt var í nýjan skóla, þ.e. flokkunardallar í hvert rými skólans. Strax að hausti var nefnd skipuð, markmið sett, unnin drög að umhverfissáttmála og fleiri skref stigin.

Það var svo við lok framkvæmda á útisvæði að Grænfáninn fékk stöng og var hylltur miðvikudaginn 11. september 2013, þann dag var formleg skólasetning skólaársins 2013-2014. Grænfáninn var dreginn upp og hefur verið þar síðan og markaði ákveðin tímamót í skólastarfinu.

Skólaárin 2014-2015 og 2015-2016 hefur markvisst verið unnið að því að flagga Grænfána í þriðja sinn vorið 2016 enda er sú vinna tengt markmiðum Grænfánans afar mikilvæg í skólastarfinu til þess að mennta nemendur sem láta sig varða umhverfismál og sjálfbærni jarðarinnar til framtíðar. Ótal verkefni eru unnin hverju sinni í skólanum, beint eða óbeint tengjast mjög mörg þeirra markmiðum hverju sinni í átt að endurflöggun Grænfána.

Við í Árskógarskóla erum stolt af því að standa frammi fyrir því vorið 2016 að fá Grænfánann á ný að húni til næstu tveggja ára. Setjum okkur ný markmið, vinnum áfram að því sem við höfum tileinkað okkur og gerum enn betur fyrir náttúruna.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
skólastjóri Árskógarskóla

1. Umhverfisnefndin

Hvernig var valið í umhverfisnefndina? Hverjir eiga þar fulltrúa? Hversu oft er fundað? Hverjar eru helstu ákvarðanirnar sem nefndin hefur tekið? Gott er að fá dæmi um fundargerðir í fylgigögnum.

Árskógarskóli:

Veturinn 2014-2015 voru allir sem gáfu kost á sér í nefndinni en formaður sá til þess að verkefnum var deilt niður á alla í nefndinni. Nefndin var skipuð á gæðastund (allir í skólanum hittast einu sinni í viku og nefnist sú stund gæðastund).

Veturinn 2015-2016 var breytt um fyrirkomulag og fækkað í nefndinni og í henni eru tveir fulltrúar nemenda, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi foreldra.

- Markmiðið er að fundir séu haldnir tvisvar á hvorri önn eða að jafnaði fjórum sinnum á skólaárinu.
- Helstu ákvarðanir og markmið frá stofnun er að finna á heimasíðu <http://www.dalvik.is/Arskogarskoli/Graenfani/>
- Allar fundargerðir er að finna á heimasíðu skólans <http://www.dalvik.is/Arskogarskoli/Graenfani/Fundargerdir/>



Horft til norðurs út Eyjafjörð, suðrið á bakvið og sitthvoru megin við fjöllin er Árskógsströnd að austan og Svarfaðardalur að vestan. Skógrækt, móar, melur og raflína sem flytur okkur orku!


2. Mat á stöðu umhverfismála

Hvernig var staða umhverfismála metin? Var gátlistinn fylltur út? Hverjir gerðu það? Gott er að fá afrit af útfylltum listanum sem fylgigögn með greinargerð jafnvel eins og hann var áður en hafist

var handa og eins á þeim tíma sem sótt er um fánann.

Árskógarskóli:

Staða umhverfismála var ekki metin sérstaklega á haustmánuðum 2012 þar sem allir þurftu svigrúm til að átta sig á nýju umhverfi og starfsháttum. Þar sem ekki nema nokkrir mánuðir voru síðan Leikbær flaggaði Grænfána og nýr skóli tók til starfa þótti skynsamlegt að leyfa vetrinum að líða og meta þá stöðu mála. Formaður umhverfisnefndar það árið fyllti út umhverfisgátlista vorið 2013 og haustið 2016 verða nýir gátlistar/umhverfismat Landverndar fylltir út samhliða nýrri markmiðssetningu.



Nemendur á grunnskólastigi unnu verkefni um áttagana og Ísland, áttirnar og sitthvað fleira. Hver og einn setti fram sína túlkun á útliti Íslands og merkti inn helstu staði eins og Hauganes.

Veturinn 2015-2016 var ákveðið af umhverfisnefnd að leggja áherslu á átt Hagana, landslag og samgöngur. Til skilgreiningar á þessum hugtökum fengu nemendur blað til þess að átta sig nánar á hvað þetta þýddi:

Átt Hagar: Hvað er að finna í nærumhverfi skólans? Hvaða stofnanir og fyrirtæki er að finna í nágrenninu? Hvar búum við og hvernig komumst við í skólann? Getum við haft samband við fólkíð sem býr og starfar í kringum skólann? Getum við kennt þeim eitthvað eða lært eitthvað af þeim?



Samgöngur: Hvernig komum við í skólann? Komum við gangandi, hjólandi, á bíl eða með strætó? Hvað er best fyrir umhverfið? En heilsuna?



Landslag: Hvernig lítur umhverfi skólans út? Eru hólar eða hæðir? Fjöll og dalir? Getið þið farið í ferð út fyrir skólann þar sem þið upplifið breytt landslag? Hvernig hefur landslagið myndast?



Umhverfi skólans, áttahagar, landslag, samgöngur. Fyrirtæki, rétt, brú fyrir fólk og bíla.



Á útivistardegi haustið 2015 gengu nemendur frá skóla í grasi, melum, móum, lærðu um örnefni og enduðu í Sandvíkurfjöru þar sem rætt var um **samgöngur** til sjós þá og nú.

4. Eftirlit og endurmat

Á hvern hátt er litið eftir að skólinn haldi ótrauður áfram að settum markmiðum? Hefur staða umhverfismála verið metin að nýju eftir úrbætur?

Árskógarskóli:

Fræðsluskrifstofa Dalvíkurbyggðar fylgir eftir að starfsáætlun sé fylgt og þar inni er vinna að Grænfána. Virkt eftirlit og stuðningur við verkefnið er frá fræðslustjóra og kennsluráðgjafa sem og fræðsluráði þar sem allir skólar sveitarfélagsins eru í sömu sporum. Fyrst og fremst eru það nemendur skólans sem fylgja markmiðunum eftir. Haustið 2016 verður staða umhverfismála endurmetin eins og fyrr segir samhliða nýjum markmiðum.

5. Fræðsla

Á hvern hátt eru nemendur fræddir um umhverfismál? Hafa t.d. verið þróuð sérstök námsverkefni um umhverfismál? Gott er að gera grein fyrir dæmum um slík verkefni.


Árskógarskóli:

Á gæðastundum höfum við nokkrum sinnum horft á myndbönd um umhverfismál og nemendur hafa heimsótt endurvinnslustöð. Í námi sínu vinna nemendur ýmis verkefni tengd umhverfismálum og í samfélags- og náttúrugreinum sem eru lotukenndar.

Til dæmis var stórt þema um heimabyggðina í september og október 2014.



Vorið 2015 var farið í lífríki hafsins þar sem markvisst var unnið með umhverfismál samkvæmt aðalnámskrá. Þá var nærsamfélagi boðið á sýningu í lok þessara vinnu.



Í heimsálfupema haustið 2015 var m.a. fjallað um orku og auðlindir og í vor 2016 er fugla- og náttúrupema þar sem fléttast saman átthagar og landslag.



Á leikskólastigi hefur skemmtilegt verkefni verið unnið í vetur þar sem yngstu nemendur skólans kanna áttthagana og svo ótalmargt sem þau rekast á í náttúrunni.

Í sambandi við þá vinnu höfum við meðal annars:



Grafið matarafanga, plast, ál og pappír í jörð og sett í mold í boxi inni svo hægt sé að fylgjast með niðurbroti. Í vor ætlum við að grafa það upp og sjá hvort það sé einhver munur á því sem var úti og inni.



Við förum reglulega í gönguferðir en í þeim eru mismunandi markmið. Sem dæmi erum við að fræðast um örnefni, í öðrum fáum við fræðslu um eitthvað í sveitinni eða fáum að fylgjast með nýjustu dýrunum á bænum. Einnig höfum við fylgjt með Krumma og laupnum hans og séð þegar ungar eru komnir í laupinn. Þá er líka alltaf gaman að fara út í óvissuna og kynnst einhverju nýju og spennandi.



Nágrannar skólans í Stærra Árskógi eru alltaf boðnir og búnir að taka á móti okkur í fjósið þar sem kýrnar baula, éta grasið sem börnin stundum leika sér á að sumri.



Til að átta sig betur á árstíðunum og samspili þeirra og gróðurs er gaman að velja sér tré og merkja það til að fylgjast með hvernig það breytist með árstíðunum. Þá er farið og tréð heimsótt og teknar myndir svo við getum betur borið saman og rifjað upp hvernig það leit út í fyrri skipti.



Þá finnst okkur gaman að velta fyrir okkur hvað er manngert í umhverfinu og hvað ekki. Hver bjó til farið í moldinni var það dráttarvél, vindurinn eða risaeðla?



6. Kynning á stefnunni

Á hvern hátt hefur skólinn kynnt stefnu sína út á við, með kynningum, foreldrafundum, opnum húsum, útgáfu og fleiru? Hefur umhverfisstefna skólans haft áhrif út fyrir skólann sjálfan?

Árskógarskóli:

Reglulega eru haldnir kynningarfundir/opin hús í skólanum þar sem stefna skólans er kynnt m.a. umhverfisstefnan. Stjórnendur gefa mánaðarlega út **rafrænt fréttabréf** þar sem m.a. Grænfánavinna er kynnt og bent á ýmislegt varðandi hana og ef þarf að minna á að drepa á bílvélum og slíkt er það gjarnan gert þar. Umhverfisstefnan hefur haft áhrif inn á heimilin í samfélaginu enda eru nemendur skólans trúir sinni sannfæringu og vinnu og finnst óeðlilegt að ekki sé flokkað heima, í Dalvíkurbyggð er markvisst unnið að flokkun og því er auðveldara að heimfæra okkar stefnu yfir til heimilanna. Stefna skólans er einnig birt í **skólanámskrá** og á heimasíðu undir **Grænfáni**. Fræðslu- og menningar svið gaf út fréttabréf í janúar 2016 sem fór inn á hvert heimili í bæjarfélaginu. Fréttin sem við sendum í fréttabréfið var um starf okkar í tengslum við Grænfána.

7. Umhverfissáttmálinn

Skólinn þarf að hafa gert umhverfissáttmála og sett sér ákveðnar og skjalfestar starfsreglur hvað varðar umhverfismál. Hvernig var sáttmálinn unnin og þær reglur settar, hverjir tóku þátt í að setja þær og hvernig? Nauðsynlegt er að umhverfissáttmáli skólans fylgi með greinargerðinni sem fylgir umsókn um Grænfána

Árskógarskóli:

Sáttmálinn var unninn úr grunni sáttmála Leikbæjar en kallað var eftir ábendingum frá nemendum, starfsfólki og foreldrum. Fyrstu drög voru unnin skólaárið 2012-2013 en haustið 2013 var sáttmálinn fullgerður af nemendum og starfsfólki, myndgerður sáttmáli gerður í janúar 2014.

Umhverfisstefna

Fátt er okkur á jörðinni mikilvægara í dag en að vera meðvituð um umhverfi okkar og að hver og einn finni til ábyrgðar til þess að ganga vel um auðlindir okkar. Árskógarskóli hefur sett sér markmið í umhverfismálum og gert sáttmála í anda Grænfána til þess að vinna að markmiðum. Stefna skólans er að leita stöðugt leiða til þess að þróa og bæta leiðir í umhverfismálum og virkja nemendur, starfsfólk og foreldra auk aðila nærsamfélags til þess að vinna að þeim markmiðum sem að er stefnt.



Umhverfissáttmáli Árskógarskóla

Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar og verndum náttúruna og allt líf sem í henni býr. Við lærum á náttúruna í okkar nánasta umhverfi og njótum þess að vera hluti af henni. Við göngum vel um, verndum og hvetjum aðra til þess að gera slíkt hið sama. Við temjum okkur hófsemi og gætum þess að allt sem frá okkur fellur sem sorp sé endurnýtt eins og kostur er en hafi að öðru leyti sem minnst skaðleg áhrif. Við leggjum okkur fram við að skilja vel við náttúruna svo næstu kynslóðir geti notið þess að umgangast hana.

Leiðir skólans til að uppfylla sáttmálann eru meðal annars þessar:

- við flokkum rusl og sendum til endurvinnslu
- við endurvinnum og endurnýtum það sem við getum notað
- við drögum úr notkun rafmagns
- við látum ekki vatn renna að óþörfu
- við gætum að hitastillingum á ofnum
- við hvetjum til að drepið sé á kyrrstæðum bílum
- við nýtum nánasta umhverfi og efnivið náttúrunnar í leik, námi og kennslu
- við lærum um staðhætti og söguminjar í nágrenni skólans
- við virðum gróðurinn í umhverfinu og plöntum trjám
- við ræktum grænmeti og matjurtir
- við hugsun vel um umhverfið okkar til dæmis með skipulegri ruslahreinsun
- við höfum öll tækifæri til að koma hugmyndum um umhverfismál á framfæri

Í janúar 2014 hófst vinna við að myndgera umhverfissáttmálann svo allir nemendur skólans hafi tækifæri til skilnings eins og mögulegt er. Sáttmálinn er reglulega kynntur og yfirfarinn á gæðastund skólans. **Á heimasíðu má sjá sáttmálann bundinn í texta og í myndum til stuðnings.**

Fylgigögn:

Umhverfisstefna (sjá ofar lið nr. 7)

Verkefni Kötlukots og önnur verkefni nemenda [sjá hér á heimsíðu](#)

Árskógarskóli leik- og grunnskóli vor 2016